

**AUGLÝSING**

varðandi gin- og klaufaveiki.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 11/1928, um varnir gegn gin- og klaufaveiki, sbr. lög nr. 124/1947, er fyrst um sinn lagt bann við því að nota aðfengnar matarleifar og sláturafurðir hvers konar til gripafóðurs.

Brot gegn banni þessu varða sektum.

*Landbúnaðarráðuneytið, 10. marz 1966.*

**Ingólfur Jónsson.**

*Gunnlaugur E. Briem.*

Nr. 77.

8. marz 1966.

**AUGLÝSING**

um umferð í Reykjavík.

Að fengnum tillögum borgarstjórnar Reykjavíkur hafa verið settar eftirfarandi reglur um umferð, samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 26 frá 2. maí 1958.

- I. Bifreiðastöður hafa verið bannaðar á Hallarmúla, austanmegin götunnar og á Freyjugötu að norðaustanverðu frá barnaleikvellingnum að Njarðargötu.
- II. Hægri beygja hefur verið bönnuð úr Laugarnesvegi til vesturs í Laugaveg.

Þetta tilkynnist öllum, sem hlut eiga að máli.

*Lögreglustjórinn í Reykjavík, 8. marz 1966.*

**Sigurjón Sigurðsson.**

Nr. 78.

8. marz 1966.

**AUGLÝSING**

um umferðartakmarkanir í Ísafjarðarkaupstað.

Samkvæmt gerðri samþykkt bæjarstjórnar Ísafjarðarkaupstaðar og ákvörðun bæjarfógeta eftir heimild í 65. grein umferðarlaga er ákveðið:

Einstefnuakstur:

Eyrargata frá Túngötu að akbraut til Fjórðungssjúkrahúss.

Biðskylda:

Á gatnamótum Eyrargötu/Túngötu frá Hlíðarvegi skal vera biðskylda. Umferðarmerkjum verður komið upp í samræmi við þessa auglýsingu.

*Bæjarfógetinn á Ísafirði, 8. marz 1966.*

**Jóh. Gunnar Ólafsson.**